



## **Tillögur til breytinga á gr. 16.2. og gr. 3.1. í samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs**

### Gildandi ákvæði:

16.2. Af iðgjöldum sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna sem náð hafa 70 ára aldri, sbr. 9.1. og 10.4., skal hann endurgreiða sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldshluta þeirra. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

### Tillaga að nýrri gr. 16.2.:

16.2. Iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára skulu lögð inn í séreignardeild sjóðsins í nafni sjóðfélaga í þá fjárfestingarleið sem ber minnstu áhættu hjá sjóðnum á hverjum tíma, nema sjóðfélagi ákveði annað. Skal þá leggja inn bæði iðgjald sjóðfélaga og mótframlag launagreiðanda. Skal tilkynna viðkomandi sjóðfélagi um slíka ráðstöfun og er sjóðfélaganum þá heimilt að taka slíka greiðslu út úr séreignadeildinni í allt að 5 ár frá því slík ráðstöfun er gerð. Sé ekki óskað eftir endurgreiðslu innan þess tíma fer um endurgreiðsluna eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar.

### Tillaga að breyttri gr. 3.1. (yfirstrikaður texti fellur út):

3.1. Aðild að lífeyrissjóðnum eiga allir þeir launamenn, sem ~~náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan, og~~ byggja ráðningarbundin starfskjör á kjarasamningum þeirra stéttarféлага og sambanda sem eiga aðild að sjóðnum eða starfa í starfsgreinum þar sem kjarasamningar aðildarfélaganna eru ákvarðandi um lágmarkskjör, enda sé aðild þeirra ekki á annan veg ákveðin í kjarasamningi einstaks aðildarfélags hlutaðeigandi samtaka. Sjóðfélagar eru þeir sem greitt er fyrir, greiða eða hafa greitt iðgjöld til sjóðsins og eiga hjá honum réttindi.

### **Greinargerð:**

Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs.

Hingað til hefur þeirri reglu verið beitt vegna iðgjalda sem sjóðnum hafa borist frá einstaklingum yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára að sjóðfélaga og launagreiðanda sé endurgreiddur iðgjaldshluti þeirra og hefur slík endurgreiðsla átt sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Lagt er til að þess í stað verði þeirri reglu beitt að berist sjóðnum iðgjöld vegna einstaklinga yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára verði iðgjöldin lögð inn í séreignardeild sjóðsins í nafni sjóðfélaga í þá fjárfestingarleið sem ber minnstu áhættu hjá sjóðnum á hverjum tíma, nema

sjóðfélagi ákveði annað. Skal þannig leggja inn bæði iðgjald sjóðfélaga og mótframlag launagreiðanda. Skal tilkynna viðkomandi sjóðfélagum um slíka ráðstöfun og er sjóðfélaganum þá heimilt að taka slíka greiðslu út úr séreignadeildinni í allt að 5 ár frá því slík ráðstöfun er gerð (þetta á einkum við í tilfalli einstaklinga yngri en 16 ára). Sé ekki óskað eftir endurgreiðslu innan þess tíma fer um endurgreiðsluna eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar.

Tilgangur breytingarinnar er að viðkomandi einstaklingur haldi því iðgjaldi sem greitt er vegna hans til sjóðsins en geti að sama skapi tekið iðgjaldið út innan fimm ára eða að öðru leyti eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar.

Tillaga að breytttri gr. 3.1. leiðir af nýrri gr. 16.2. verði hún samþykkt, enda geta breytingarnar leitt til þess að sjóðfélagar séu yngri en 16 ára.